

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Vilsenslundur L189550.*

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi fyrir lóðir Vilsenslundar, L189550. Í breytingunni felst lagfæring á lóðarmörkum í takt við þinglýst gögn og aukning á byggingarheimild vegna aukahúsa á lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júní 2021.

*Deiliskipulagsbreyting, Kvistabær L191706 (Lyngholt 1), Reykholti.*

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi lóðar Kvistabæjar, L191706 (Lyngholt 1), Reykholti. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og niðurfelling á lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júní 2021.

*Deiliskipulagsbreyting, spennistöðvalóðir, Reykholti.*

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi í Reykholti. Í breytingunni felst skilgreining lóða fyrir spennistöðvar innan deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júní 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. júlí 2021.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**